

Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum úr fullorðnum stofnhópum hænsnfugla í varpi.

Svona skalt þú taka sýni:

Sýnatökuplan fyrir stofnfugla hænsnfugla

Framleiðsla	Sýnatökutími	Sýnatökustaður	Sýnataka	Sýni tekið af framleiðanda	Sýni tekið af MAST
Fullorðnir hópar	Á þriggja vikna fresti (á varptímabilinu) Eða fyrir hverja útungun ¹	Varphús	Sokkasýni/ ryksýni ²	Alltaf, nema þegar Mast tekur sýni	3 sinnum á tímabilinu: 0-4 vikur eftir flutning, 8-0 vikur fyrir lok framleiðslu og einu sinni á milli

¹ Ef ungað er út sjaldnar en mánaðarlega, skal taka sýni hvert skipti fyrir útungun þannig að niðurstöður liggja fyrir við móttöku eggja í útungunarstöðina og sýnið má ekki vera eldra en þriggja vikna (sýnatökudagur).

² Sýni eru tekin annarhvort með 5 sokkapörum eða með einu sokkapari og einu ryksýni.

Sokkasýni (skóhlífasýni)

Nota skal rakadrægt efni, t.d. þar til ætlaðir skóhlífar eða grisjuhólka, sem klipptir eru í u.þ.b. 50cm langa búta.

Notaður er skófatanaður sem tilheyrir eldishúsi.

Ekki leyfilegt að nota sóttreinsandi efni á skó áður en sokkar eru settir á skóna. Ef notast er við fótabað með sóttreinsandi efni þarf að nota einnota skóhlífar undir sýnatökubúnað.

Fyrir sýnatöku skal væta sokka í hreinu vatni.

Sokkarar er sett yfir skófatnað, einn sokkur á hvorn fót. Ef notaðir er grisjuhólkar er sokkur festur á hælnum með því að rífa upp í grisjuna og hnýta saman.



Síðan er gengið um allan eldissalinn og tryggt að sýni náist af mismunandi svæðum (þurrum, blautum o.s.frv.).

Þegar búið er að fara yfir sýnatökusvæðið er skóhlífa/sokkarið tekið varlega af skófatnaði og þess gætt að innihaldið hrynji ekki af (gott getur verið að snúa skóhlífum/sokkum við (venda) utan um innihaldið). Sokkpar er sett í hreinan plastpoka og merkt. Ef tekin eru sýni með fimm sokkapörum er sýnatakan endurtekin þannig að eldissal er skipt í fimm hluti og gengið um hvern hlut eldissals með einu sokkari.

Ef sýni eru tekin með fimm sokkaporum, þá eru 2 pör sett í einn plastpoka og 3 pör sett í annan plastpoka. Þannig myndast tvö safnsýni.

Ryksýni

Ryksýni eru tekin um allt húsið.

Nota skal einnota hanska til að safna ryki. Safnað er a.m.k. 100g. í plastpoka eða glas (sem rúmar 250ml. eða meira).

Ryksýni skal setja í sér poka.

Á rannsóknarstofu eru sokkpar og ryksýni rannsökuð sem tvö safnsýni.

Frágangur

Merkja skal sýnið vel með rekjanleikanúmer fuglahóps og sýnatökudagsetningu.

Fyllta þarf nákvæmlega út rannsóknareyðublað og senda sýni ásamt rannsóknarbeiðni samdægurs á opinbera rannsóknarstofu. Sýni skal halda frá miklum hita eða sólskini.

Ef ekki er hægt að senda sýni samdægurs eða innan 24 klst. frá sýnatöku þarf að geyma það í kæli við 2-8°C. Athugið að sýni telst óhæft til rannsóknar ef það líða meira en 96 klst. frá sýnatöku og þar til sýni berst rannsóknarstofu.

Sýnatökubúnaður

- Hreinn plastpoki / ílát
- Einnota hanskar
- Grisjur / sokkar
- Tússpenni og límmiðar
- [Rannsóknareyðublað](#)
- Kassi til sendingar



Þessar leiðbeiningar lýsa sýnatökum skv. reglugerð (EB) nr. 200/2010, innleidd með reglugerð nr. 370/2012.

Síðast uppfært: 26. september 2016